



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 23. mars 2020 kl. 19:00.
Fundurinn er haldinn með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson, Arna Þórdís Árnadóttir, Laufey Ólafsdóttir og Katrín Baldursdóttir.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur verið samþykkt.

2. Verksvið framkvæmdastjórnar, borið upp hvort framkvæmdastjórn taki upp dagskrárlið að kröfu Hauks Arnþórssonar stjórnarmanns um tengsl Gunnars Smára Egilssonar, stjórnarmanns og félaga í flokknum, við Ögmund Jónasson, fyrrverandi þingmann, ráðherra og formanns BSRB, í gegnum baráttu sem kölluð er Kvótann heim!

Samþykkt var að taka dagskrárliðinn ekki upp þar sem hann eigi ekki heima á borði framkvæmdastjórnar.

3. Önnur mál, engar óskir hafa borist frá stjórnarmönnum um aðra dagskrárliði og formaður vísar sínum málum til næsta fundar, ef hann situr þann fund

Lagt var fyrir stjórnina að fundir verði tveir í viku í stað eins og styttri. Það var samþykkt.